

M-50/2010. Álit 3. júní 2010

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 3. júní 2010 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-50/2010.

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 8. apríl sl. bað A um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna meints galla á bifreiðinni D sem hann hafi keypt 28. desember 2006. Álitsbeiðandi gerir þá kröfu að viðurkennt verði að B beri ábyrgð á viðgerðinni og að reikningur fyrir henni að fjárhæð kr. 577.500 verði felldur niður.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 12. apríl sl., gaf kæruneftndin B kost á andsvörum sem bárust neftndinni 28. apríl. Með bréfi, dags. sama dag, var álitsbeiðanda gefinn kostur á því að gera athugasemdir við andsvörin og bárust þær 10. maí. Með bréfi frá 12. maí sl. var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málsatvik

Samkvæmt ferilskrá bifreiðarinnar D, sem er af gerðinni E, seldi B bifreiðina nýja 15. febrúar 2006. Á tímabilinu 18. ágúst til 28. desember er maður að nafni C umráðamaður bifreiðarinnar og hefur því væntanlega staðið fyrir sölu hennar 28. desember 2006 til A sem er skráður eigandi bifreiðarinnar. Álitsbeiðandi segist hafa heyrt aukahljóð í vél bifreiðarinnar í lok maí 2009 en það hafi verið svo lítið að um eðlilegt hljóð hafi getað verið að ræða. Hann hafi farið með bifreiðina í smurningu 26. júní 2009 hjá N1 í Hafnarfirði og hljóðið hafi enn verið til staðar að henni lokinni. Í september 2009 hafi kviknað rautt ljós og kveðst álitsbeiðandi þá strax hafa farið með bifreiðina í þjónustusköðun til B eða 9. þess mánaðar. Að skoðuninni lokinni hafi hann munað eftir hljóðinu í vélinni og beðið um að viðgerðarmaður athugaði það. Viðgerðarmaðurinn hafi sagt að hljóðið yrði að athuga betur en um alvarlega bilun gæti verið að ræða. Bifreiðin fór síðan á verkstæði B til viðgerðar en þá hafði henni verið ekið 57.222 km. Samkvæmt því sem kemur fram í álitsbeiðni mun viðgerðin hafa kostað um kr. 3.000.000 og að af þeim kostnaði hafi álitsbeiðandi greitt kr. 577.500. Reikningur fyrir þeirri fjárhæð fylgdi álitsbeiðninni.

Álitsbeiðandi byggir m.a. kröfu sína á því að samkvæmt neytendakaupalögum nr. 48/2003 eigi hann rétt á kvörtunarfresti vegna þess galla sem verið hafi á bifreiðinni samkvæmt 2. málslið 2. mgr. 27. gr. laganna, þ.e. 5 árum.

B hefur hafnað því að greiða þann hluta kostnaðarins og ber fyrir sig að kvörtun hafi ekki borist innan kvörtunarfrests samkvæmt lögum nr. 50/2000 um lausafjárkaup sem um kaupin gildi. Þá ber fyrirtækið og fyrir sig að framleiðsluábyrgð á bifreiðinni sem hafi verið þrjú ár hafi lokið í febrúar 2009.

IV

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og B falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Samkvæmt framangreindum lögum og reglugerð geta aðilar kaupa sem falla undir lögin beiðð kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa um álit á ágreiningi sem á milli þeirra rís vegna þeirra.

Skilyrði þess að kaup falli undir neytendakaupalög nr. 48/2003 er að kaupandi sé einstaklingur sem kaupir söluhlut utan atvinnustarfsemi og seljandi eða umboðsmaður hans hafi atvinnu sína af sölu. Sé þessum skilyrðum ekki fullnægt falla kaup ekki undir lög nr. 48/2003 heldur lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup.

Fyrirtækið A keypti bifreiðina D 28. desember 2006 en bifreiðin var seld ný 15. febrúar s.á. Kaupandinn var því ekki einstaklingur heldur einkahlutafélag og af þeim sökum falla kaupin á bifreiðinni ekki undir neytendakaupalögin heldur lausafjárkaupalögin. Þegar svo hagar til skiptir ekki máli hvort seljandi hefur atvinnu af sölu eða ekki. Kvörtunarfrestur samkvæmt 27. gr. neytendakaupalaganna kemur því ekki hér til skoðunar.

Í 1. og 2. mgr. 32. gr. lausafjárkaupalaga nr. 50/2000 segir eftirfarandi:

„Kaupandi glatar rétti sínum til þess að bera fyrir sig galla ef hann tilkynnir seljanda ekki án ástæðulauss dráttar frá því að hann varð galla var eða mátti verða hans var í hverju gallinn er fölginn

Ef kaupandi leggur ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku getur hann ekki síðar borið gallann fyrir sig. Þetta gildir ekki ef seljandi hefur í ábyrgðaryfirlýsingu eða öðrum samningi tekið á sig ábyrgð vegna galla í lengri tíma.

Álitsbeiðandi hefur kosið að beina bótakröfu sinni gegn innflytjanda og fyrsta seljanda bifreiðarinnar en ekki þeim sem hann keypti bifreiðina af. Af álitsbeiðninni verður ráðið að álitsbeiðandi mun hafa óskað eftir því við viðgerðarmann B að hann athugaði hljóð í vél bifreiðarinnar 9. september 2009 en við það hljóð kveðst hann hafa orðið var í endaðan maí s.á. Bifreiðin fór síðan til viðgerðar hjá B og sýnist viðgerðinni hafa verið lokið 19. janúar 2010, en þá er reikningur fyrir viðgerðarkostnaði gefinn út til A. Enda þótt miðað væri við að kvörtun í skilningi lausafjárkaupalaganna hafi komið fram 9. september 2009 þá var lengri tími en þrjú ár liðinn, bæði frá því að B seldi bifreiðina nýja og eins frá því að álitsbeiðandi keypti hana. Álit kærunefndarinnar er því það að álitsbeiðandi hafi glatað rétti sínum til að bera fyrir sig galla á bifreiðinni, sbr. 2. mgr. 32. gr. lausafjárkaupalaga, sem rakin er hér að framan, og af þeim ástæðum verði að hafna kröfum hans.

V

Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, A, á hendur B er hafnað.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir